

Fundur skólaráðs 3. júní 2015

Mættir: Svava Bogadóttir - skólastjóri, Oddur Þórðarson - fulltrúi foreldra, Tanja Sigmundsdóttir og Sindri Friðriksson - fulltrúar nemenda, Jens G. Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson - fulltrúar kennara og Anna Hlökkversdóttir - fulltrúi almennra starfsmanna.

- 1. Skoðaðar tillögur stjórnar nemendafélagsins og stjórnenda um Sprotasjóðsverkefnið og fleira sem þau ræddu á fundi í gær.**
 - a. Svava sagði frá því að Sprotasjóðsverkefnið hefði verið kynnt fyrir nemendafélagsins og að verkefnið fari í gang næsta haust.
 - b. Nemendur nefndu nokkur atriði sem þeim finnst að mætti laga í samskiptum nemenda, kennara og starfsfólks skólans og almennt hugmyndir um hvernig megi auka vellíðan í skólanum. Farið verður yfir þessar hugmyndir fyrir næsta skólaár.
 - c. Umræður um tímalengd milli íþróttatíma og næstu tíma – þyrfti að vera lengri sérstaklega þegar nesti er í tímanum á eftir. Einnig rætt um hvort nemendur eigi að fara í sturtu í íþróttatíma, athuga hvort nota megi nýju klefana fyrir leikfimitíma en þar eru fleiri sturtur. Athuga hvort það megi skylda nemendur í 5. bekk og uppúr til að fara í sturtu eftir íþróttir.

- 2. Lestrastefna-drög**
 - a. Svava kynnti drög að lestrarstefnu sem er verið að vinna fyrir skólann og á að vera lokið fyrir haustið. Rætt um lestur bóka og lestur á tölvum, spjaldtölvum, lesbrettum og hljóðbókum.
 - b. Lestur er grundvallar atriði í námi nemenda.
 - c. Rætt um áhuga nemenda á lestri á efni sem þeim finnst leiðinlegt – reyna að finna áhugahvetjandi bækur.
 - d. Skimanir vegna lestrarörðugleika eru alltaf að fara fram fyrr og fyrr til að taka á vandamálinu sem allra fyrst. Skimanir fara fram á hverju ári og verið að stefna að snemmtækri íhlutun þar sem þörf er á.
 - e. Upplestrarkeppnir í 7. og 4. bekk þykja vel heppnaðar og hvetjandi fyrir nemendur.
 - f. Samvinna grunnskólans og leikskólans varðandi lestur er í gangi og verður haldið lestrarþing í september þar sem lestrarstefnur skólanna verða kynntar.
 - g. Lestrarstefnan verður aðgengileg á heimasíðu skólans þegar hún er tilbúin

- 3. Starfsmannamál**
 - a. Breytingar verða á starfsmannamálum, Magrét Össurar fer í árs launalaust leyfi. Día hættir textíl kennslu og verður stuðningsfulltrúi, Marta Þroskaþjálfari fer uppá Skaga. Dísaritari mun hætta störfum og Svanhildur Kristinsdóttir mun taka við.
 - b. Svava segir að áformum um stækkun skólans hafi verið frestað en athugað hvort færanleg kennslustofa frá leikskólanum verði jafnvel færð hingað og sett við skólann.

- 4. Önnur mál**
 - a. Tanja spurði hvort forfallakennari væri ráðinn en Svava sagði að öllu

jafna væri forfallakennslu sinnt af öðrum kennurum skólans. Stundum væri gefið leyfi í tímum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 08.50

- Hannes Birgir Hjálmarsson -